



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 136/350  
komudagur 5.12.2008

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember, 2008

**Efni: Umsögn FÍSt um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum**

## I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 5. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍSt um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

FÍSt fagnar því að unnið sé að hagræðingu innan stjórnsýslunnar og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

## II. Annað

FÍSt áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum taki frumvarpið breytingum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna  
Netfang: [pall@fis.is](mailto:pall@fis.is)



– fyrir íslenska verslun

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 2008 02-2008120193  
T-ums 33/08


**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2008, og fleiri lögum - 193. mál, þskj. 240.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 5. desember 2008 móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að landið verði eitt tollumdæmi og tollstjóranum í Reykjavík verði falið að annast alla tollfrankvæmd í landinu.

Það er álit ríkisskattstjóra að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu séu áhugaverðar og til þess fallnar að auka skilvirkni. Þá má gera ráð fyrir að með þessum hætti nýtist fjármunir og mannaflí betur. Ríkisskattstjóri mælir því með lögfestingu frumvarpsins og gerir engar athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Póðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/358*  
*komudagur 9.12.2008*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8.12.2008

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum. 193. mál**

Frumvarpið felur í sér að landið verði gert að einu tollumdæmi og að embætti tollstjórans í Reykjavík verði falið öll tollframkvæmd, þó þannig að embættið geti falið sýslumönnum og lögreglustjórum í einstökum umdæmum tiltekna þætti tollframkvæmdar teljist það faglega og fjárhagslega hagkvæmt.

Samtök atvinnulífsins telja að frumvarpið feli í sér tímabæra hagræðingu í ríkisrekstri á umræddu sviði og einfaldara rekstrarfyrirkomulag. Þótt einhver kostnaður falli til í upphafi við framkvæmd breytingarinnar, telja samtökin forsendur til lækkunar kostnaðar þegar til lengdar lætur og skilvirkari framkvæmdar. Samtökin mæla því með því að frumvarpið verði lögfest.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/368*  
*komudagur 9.12.2008* Reykjavík 8. des. 2008

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, þskj 240 – 193. mál**

Við þökkum móttækinn tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp. Frestur til að skila umsögn rennur út í dag sem þýðir að tíminn sem gefinn er til umsagnar er einn vinnudagur og ber að skoða þessa umsögn með hliðsjón af því.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna þeirri meginbreytingu sem boðuð er með frumvarpinu í þá veru að sameina landið í eitt tollumdæmi. Það er til þess fallið að auka skilvirkni og tryggja samræmda túlkun á grundvelli laganna út um allt land og er það mjög til bóta.

Þá fagna samtökin sérstaklega 5. lið 1. mgr. 8. gr. þar sem segir að hlutverk tollstjóra sé m.a. „*Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfeldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.*“

Þessi málsgrein frumvarpsins er mjög ánægjuleg og boðar lögfestingu atriða sem varða atvinnulíf í landinu mjög miklu. Það er sérlega ánægjulegt að lögfesta með þessum hætti samráð tollstjóra við atvinnulífið varðandi tollframkvæmd og hafa SVP miklar væntingar til að slíkt samráð leiði til einföldunar og til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Tollstjórinn og atvinnulífið eiga ríka sameiginlega hagsmuni sem eðlilegt er að þessir aðilar vinni saman að því að leysa og ástæða til að gleðjast þegar það er lögfest með svo skýrum hætti.

Ákvæði 15. gr. um að fella út 82. og 83 gr. eru mjög til bóta og ber að fagna þeim.

Að síðustu verður að benda á að þetta er í þriðja skiptið á þremur árum sem frumvarp til breytinga á tollalögum kemur fram á allra síðustu dögum þings. Fresturinn til að gefa umsögn er lítill sem enginn, óvenju langur í þetta skiptið eða heill dagur. Það er ástæða til að ítreka enn einu sinni breytingu á þessu verklagi. Tollalög eru mjög mikilvæg lög sem hafa með að gera allan inn- og útflutning í landinu og snerta beint mörg þúsund starfsmenn og stóran hluta atvinnulífs. Sjálfvirkni og flýtafgreiðslu breytinga á tollalögum er brýnt að endurskoða og breyta.

Xirðingartýllt

Sígný Sigrðardóttir  
forstöðumaður flutningasviðs



# SÝSLUMAÐURINN Í BOLUNGARVÍK

Aðalstræti 12 - 415 Bolungarvík • Sími 456 7222 • Fax 456 7573 • Kt. 500674-0599 • Banki 1176-26-1 • Netfang bolungarvik@syslumenn.is • Veffang www.syslumenn.is

Bolungarvík, 5. desember 2008.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 136/35/**  
**komudagur 5.12.2008**

Netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Efni: 193. Þingmál 2008.

Ég leyfi mér að vekja athygli á að í 29. gr. frumvarps til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum m.a. á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum segir í upphafi: „Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.“

Á það skal bent að stjórnarsýsluumdæmi sýslumannsins í Reykjavík nær jafnframt yfir sveitarfélögin Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbæ, og Kjósarhrepp, sbr. 2. gr. laga nr. 89/1992 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Til að taka af tvímæli um hver teljist lögskráningarstjóri í þessum sveitarfélögum kynni að fara betur á að orða upphaf greinarinnar sem hér segir:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík en aðrir sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Þá þykir mega vekja athygli á því að ekki er vitað til að nokkur sýslumaður hafi hreppstjóra á sínum snærum lengur. Því mætti að ósekju taka þá út þar sem um þá er fjallað í greininni.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson,

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/356  
komudagur 8.12.2008

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Sýslumanns og Tollstjóra í Vestmannaeyjum um frumvarp til breytinga á  
Tollalögum nr. 88 frá 2005 og fleiri lögum.  
193. mál.**

Undirritaður hefur móttengið tölvubréf efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 5. desember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn viðtakenda þess við frumvarpi til breytinga á Tollalögum nr. 88 frá 2005 og fleiri lögum. Undirritaður fékk tölvubréfið síðan framsent sama dag frá Sýslumannafélagi Íslands.

Undirritaður leyfir sé að senda yður svohljóðandi:

**a t h u g a s e m d**

Meginefni frumvarpsins er að gert er ráð fyrir að öll 8 tollumdæmi landsins verði sameinuð í eitt, þannig að embætti Tollstórans í Reykjavík breytist í embætti Tollstjóra.

Þannig er verið að færa alla ákvarðanatöku, skipulagningu og starfsmannahald á sviði Tollamála undir eitt embætti.

Ég hef aldrei verið sannfærður um ágæti þess að auka miðstýringu, ef þess gerist ekki þörf og kem ekki auga á að þessi breyting sé nauðsynleg.

Reykjavík, 8. desember 2008  
Virðingarfyllst,

---

Karl Gauti Hjaltason  
Sýslumaður í Vestmannaeyjum



**Sýslumannafélag Íslands**

Ránarbraut 1, 870 Vík, s-4884300

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136/359**  
**komudagur 9.12.2008**

## **Umsögn um frumvarp til breytinga á tollalögum nr. 88/2005 og fleiri lögum- þskj. 240 – 193. mál.**

Sýslumannafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á tollalögum, þar sem gert er ráð fyrir að Ísland verði eitt tollsvæði í stað átta, eins og nú er. Þó nokkur umræða hefur farið fram, bæði hjá sýslumönnum sem fara með tollstjórn og á aðalfundi sýslumannafélagsins, en þær umræður hafa leitt í ljós að flestir ef ekki allir sýslumenn og núverandi tollstjórar, telja það framfararskref og til mikillar hagræðingar að tollstjórn verði á einni hendi og að landið verði gert að einu tollsvæði. Þá háttar þannig til að sýslumenn hafa lýst yfir vilja til þess að hýsa starfsaðstöðu tollgæslu og þar sem þess er þörf, jafnframt veita sérfræðiráðgjöf. Eftir að hafa farið yfir fyrrgreint frumvarp vill sýslumannafélag Íslands einvörðungu koma á framfæri örfáum athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

### **1. Lög nr. 88/2005, tollalög og boðaðar breytingar á þeim.**

Sýslumannafélagið hefur engar athugasemdir vegna væntanlegra breytinga á ákvæðum þeirra laga.

### **2. Lög nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna og boðaðar breytingar á þeim.**

Sýslumannafélagið vekur athygli á að í 29. gr. frumvarps til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum m.a. lögum nr. 43/1987, (þar er verið að breyta 3. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum) segir:

*„Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umsæmi. Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er þeim heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf. Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.“*

Á það skal bent að sýslumaðurinn í Reykjavík er jafnframt sýslumaður í sveitarfélögunum Seltjarnarnesi, Mosfelisbæ, og Kjósarhreppi, sbr. 2. gr. laga nr. 89/1992 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Til að taka af tvímæli um hver teljist lögskráningarstjóri í þessum sveitarfélögum kynni að fara betur á að orða upphaf greinarinnar með öðrum hætti. Þá þykir mega vekja athygli á því að ekki er vitað til að nokkur sýslumaður hafi hreppstjóra á sínum snærum lengur. Því mætti að ósekju taka þá út þar sem um þá er fjallað í fyrrgreindri lagagrein og legur sýslumannafélagið til að fyrrgreind 3. gr. laga um nr. 43/1987 verði sem hér segir:

**Tollstjóri er lögskráningarstjóri í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík en aðrir sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.**

**Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar, ef þess gerist þörf. Lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrir mælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.**

Ísafirði 8. desember 2008,

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

---

Kristín Völundardóttir, ritari.



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/349*  
*komudagur 5.12.2008*

5.12.2008


Háttvirt efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Óskað hefur verið eftir því að embættið veiti umsögn um til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum., 193 mál.

Í umræddu frumvarpi er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur m.a. fram að umrædd breyting hafi það markmið að einfalda skipulag tollgæslunnar og auka þannig samræmi, skilvirkni og árangur í tollframkvæmd.

Embættið telur að umrædd breyting muni stuðla að aukinni hagræðingu og einföldun í rekstri tollyfirvalda, jafnframt því að auðvelda stefnumótun í tollamálum, skipulagningu tollframkvæmdar og alla áætlanagerð varðandi tollstarfsemina sjálfa. Ekki er vafi á því að mati embættisins að það er til mikilla bóta ef fagleg, fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð verður færð á eina hendi.

Kveðja,  
Snorri Olsen  
Tollstjórinn í Reykjavík  
sími: 560-0300, fax: 560-0422



8. desember 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr.88/2005.**

Vísað er til netpósts háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 5. desember 2008, þar sem óskað er eftir að Tollvarðafélag Íslands veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum nr. 88/2005.

Það er skilningur Tollvarðafélagsins, að breytingar á tollalögum séu fyrst og fremst til komnar vegna hugmynda dómsmálaráðherra frá síðastliðnu vori um skipulagsbreytingar á embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þær hugmyndir dómsmálaráðherra um breytta skipan tollamála fengu ekki afgreiðslu á Alþingi.

Af þeim sökum þykir rétt að benda á, að hér er um algjörlega nýtt frumvarp að ræða, sem unnið hefur verið í góðri sátt og samvinnu við Tollvarðafélag Íslands. Á fjármálaráðuneytið hrós skilið fyrir þau faglegu vinnubrögð, sem það sýndi við undirbúning þessa frumvarps.

Helstu nýbreytingar, sem fyrirhugaðar eru á tollalögum, eru að Ísland verður gert að einu tollumdæmi og að tollaþátturinn verður alfarið færður til fjármálaráðuneytisins. Þessum skipulagsbreytingum er ætlað að gera verkaskiptingu, valdsvið og ábyrgð á stjórnslulegri framkvæmd tollamála á landinu skýrari. Til þessa hefur æðsta stjórn og fagleg ábyrgð tollamála verið á hendi fjármálaráðherra. Hins vegar hefur fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð verið á hendi fjármálaráðherra og tollstjórans í Reykjavík annars vegar og dómsmálaráðherra og lögreglu- og tollstjóra hins vegar. Með þessu hefur ábyrgðin á þessum málaflokki í raun verið tvískipt. Þetta hefur á margan hátt gert málaflokknum erfitt fyrir, t.d. varðandi stefnumótum, en einnig m.t.t. ósamræmis í tollframkvæmd og eftirfylgni auk þess sem eftirlit hefur hugsanlega verið ómarkvissara.

Eðlilegt er að líta til þróunar tollamála í nágrennalöndunum, þegar afstaða er tekin til breytinga af þessu tagi. Um það er að segja, að í nágrennalöndunum hefur svipuð þróun átt sér stað, þ.e.a.s. hvað varðar fækkun tollumdæma, og er hún lengst komin í Svíþjóð, þar sem landið er eitt tollumdæmi. Skoðanir eru skiptar í Svíþjóð um ágæti þeirrar breytingar, en taka verður tillit til þess, að landið er 30 sinnum fjölmennara en Ísland og mörgum sinnum stærra og aðstæður því aðrar en hér á Íslandi. Viða annarsstaðar í Evrópu hefur tollumdæmum verið fækkað. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, frá því í nóvember 2007, komu fram ábendingar um að auknu hagræði og betri árangri mætti ná, t.d. með tilliti til fíkniefnaeftirlits, væri formlegt boðvald í tollamálum á einni hendi á landsvísu og það sama ætti við um stefnumótun og framkvæmd tollamála.

Árið 2001 var embætti ríkistollstjóra lagt niður og verkefni þess flutt til tollstjórans í Reykjavík og fjármálaráðuneytis. Rök fyrir breytingunni voru m.a. smæð íslenska stjórnkerfisins, skörun verkefna og skortur á samhæfingu. Á árunum 2001-2004 fór fram heildarendurskoðun á tollalögum. Í ársbyrjun 2007 tóku síðan ný tolllög gildi og var tollumdæmunum þá fækkað úr 27 í 8. Rökkin fyrir fækkun tollumdæma voru m.a. aukin rafræn stjórnsýsla, breyttar áherslur í alþjóðlegu samhengi, samræming, aukinn sveigjanleiki, sérhæfing o.fl. Í ársbyrjun 2007 var umsjón tollamála á Keflavíkurflugvelli flutt frá utanríkisráðuneyti til dómsmálaráðuneytis og var framkvæmd tollamála þá á ábyrgð tveggja ráðuneyta í stað þriggja áður. Reynslan af þessum breytingum er að mati Tollvarðafélags Íslands góð. Stjórnsýsla tollamála er öll einfaldari, skýrari og markvissari auk þess er samræmi í tolleftirliti meiri og þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki betri.

Líkt og fyrr segir hefur fjármálaráðuneytið og tollstjórinn í Reykjavík átt í viðræðum við Tollvarðafélagið undanfarnar vikur og mánuði varðandi fyrirkomulag breytinga á tollalögum. Þann 2. október síðastliðinn var haldinn almennur félagsfundur hjá Tollvarðafélaginu, þar sem fundarefnið var hugsanleg sameining landsins í eitt tollumdæmi. Samþykkti fundur Tollvarðafélagsins einróma, að rétt væri að sameina landið í eitt tollumdæmi væri það gert í góðu samráði við Tollvarðafélagið og félagi þess.

Af viðræðum við fjármálaráðuneytið og tollstjóran í Reykjavík er auðsjáanlegt, að verði af sameiningu tollstjóraembættanna, verður þessi sameining til enn frekari styrkingar og eflingar innviða tollsins auk þess sem þjónustu við almenning og fyrirtækja á að batna. Fjármálaráðuneytið og tollstjórinn í Reykjavík eiga hrós skilið fyrir góða samvinnu við félagið varðandi þessar breytingar og er óhætt að segja að félagið hlakki til áframhaldandi og dýpri samvinnu við fjármálaráðuneytið og hið nýja embætti tollstjórans á Íslandi.

Tollvarðafélag Íslands er þeirrar skoðunar, að nýjar ógnir á borð við alþjóðlega glæpastarfsemi og hryðjuverkaógnina kalli á sífellda endurskoðun og endurskipulagningu tolltæslunnar. Íslenskt samfélag hefur tekið gifurlegum breytingum á undanförunum árum og gerir enn. Samfélagið er núna fjölbjóðlegt og aukin alþjóðavæðing viðskipta hefur átt sér stað, sem við njótum að mörgu leyti góðs af. Þessari alþjóðavæðingu hafa þó einnig fylgt ókostir, sem eru alþjóðavæðing í skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Við þessu verður að bregðast með betri skipulagningu og uppbyggingu landamæragæslu og tollgæslu.

Sameining tollgæslunnar í eitt tollumdæmi er að mati félagsins aðeins fyrsta skref í þá átt að skoða frekari breytingar að nýju fyrirkomulagi tollgæslunnar. Rétt væri að Alþingi skoðaði það fyrirkomulag, sem tíðkast í Bandaríkunum og sem fyrirhugað er að taka upp í Bretlandi. Hér er átt við sameiningu landamæralögreglu og tollgæslu í eina stétt (e. U. S. Customs and Border Protection), sem heyrir undir Bandaríska heimarvarnaráðuneytið (e. U.S. Department of Homeland Security).

Auk hins alþjóðlega vanda hefur þáttaka Íslands í Schengen samstarfmi, um frjálst flæði farþega, haft bein áhrif á tollgæslu hér á landi. Upplausn og lögleysa í Austur-Evrópu hefur leitt til þess, að þar eru reknar stórar fíkniefnaverksmiðjur auk ólöglegar framleiðsla á sigarettum, sem smyglað er til Vestur-Evrópu, þar með til

Íslands. Athafnasvæði ýmissa glæpahópa – t.d. frá Austur Evrópu – hafa stækkað með sama hætti og gerst hefur við löglega starfsemi.

Hluti af bættu skipulagi tollgæslunnar eru skýr, metnaðarfull og raunhæf markmið og góð áætlanagerð. Fyrir skömmu var lokið tollefirlitsáætlun fyrir næstu fimm árin, þ.e.a.s. frá 2009-20013. Mun auðveldara er að fylgja slíkri áætlun eftir ef landið er eitt tollumdæmi.

Ein af aðalástæðum þess að endurskipulagningar er þörf í tollgæslu landsins er fyrirhuguð stækkun og fækkun lögreglustjóraembætta og aðskilnaður milli sýslumanna og lögreglustjóra. Spurningin er hvar nokkrir tollverðir lenda innan stærri skipulagsheilda úti á landi. Að mati félagsins snýst málið öðru fremur um, hvort tollurinn ætlar að sitja eftir í óskiptu búi með lögreglunni, þegar allir aðrir – þ.e.a.s. sýslumenn og lögregla – eru búnir að stokka upp hjá sér til að geta betur tekist á við ný verkefni.

Á hinum Norðurlöndunum er fjárveitingum til tollgæslu ráðstafað sem heildarfjárveitingu til tollgæslu, sem ákvarðar síðan sjálf hvernig og hvar féð nýtist best. Sameining landsins í eitt tollumdæmi mun tryggja að fjárveitingar skili sér að fullu í réttan málaflokk auk þess sem komið yrði í veg fyrir óþarfa yfirbyggingu, en þannig færu meiri peningar í tollgæsluna sjálfa – þ.e.a.s. mannafla og aðra innri uppbyggingu tollsins, s.s. tækjakaup o.fl.

Að mati Tollvarðafélags Íslands er ekkert því til fyrirstöðu að sameina landið í eitt tollumdæmi undir stjórn eins og sama tollstjóra. Með þessu móti má bæta skipulag og nýtingu fjárveitinga með það að markmiði að efla tollgæsluna um allt land og tryggja sömu þjónustu allstaðar.

Félagið setur þó þá fyrirvara, að mikilvægt sé að hagræðing sú, sem fyrirhuguð er, bitni ekki á faglegu starfi tollsins, sem innheimtustofnunar ríkisins eða sem löggæslustofnunar er hindrar innflutning ólöglegs varnings til landsins.

Einnig er mikilvægt að störf hverfi ekki af landsbyggðinni og frá Suðurnesjum til Reykjavíkur í kjölfar þess að yfirstjórn tollamála færist til höfuðborgarinnar. Þvert á móti á að nýta tækifæri til þess að færa störf út á landsbyggðina, nú þegar tækifæri gefst til þess.


Mikilvægt er að útfærsla saminga þeirra, sem gerðir verða við lögreglu og getið er í 11. gr. frumvarpsins, tryggi áframhaldandi náð samstarf þessara bræðrastétta. Í 12. grein frumvarpsins er greint frá að tollstjóri veiti lögreglu aðgang að upplýsingum, sem nauðsynlegar eru í þágu greiningarstarfs eða rannsóknar lögreglu. Á sama hátt verður að tryggja að upplýsingar frá lögreglu, sem nýst geta tollgæslunni við greiningarstarf eða rannsóknir, berist til tollgæslu.

Um 29. gr. frumvarpsins gerir Tollvarðafélagið þá athugasemd, að betra er að lögskráning sé áfram í höndum starfsmanna tollsins. Ástæðan er að tollgæslan er í meiri samskiptum við útgerðarmenn og skipstjórarmenn en sýslumenn og hreppstjórar landsins. Einnig bera tollverðir – öllu jafnan – meira skynbragð á skip og þau réttindi, sem til þarf fyrir skipstjórarmenn og vélstjóra.

Mikil óvissa og taugaveiklun ríkir allsstaðar í þjóðfélaginu um þessar mundir. Starfsmenn Lögreglu- og tollstjórans á Suðurnesjum hafa hins vegar mátt búa við mikla óvissu og ófrið nær allt þetta ár og er mikilvægt að þeirri óvissu ljúki.

Tollvarðafélags Íslands styður þær breytingar, sem boðaðar eru í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir Alþingi og óskar eftir að það verði að lögum sem allra fyrst. Þannig yrði allri óvissu um framtíð tollsins eytt og starfsmenn gætu einbeitt sér að framtíðaruppbyggingu embættisins og þeim breytingum, sem miða að styrkingu tollgæslunnar í landinu.

Virðingarfyllst,



Guðbjörn Guðbjörnsson  
formaður